

"Þjósternid"  
af J. Kærsted

# HEIMIR



## EFNISYFIRLIT



Henri Bergson	Ritstj.
Dultrúarstefnur nútímans ( sambandi við	
trúna	George R. Dobson
Mótspyrna	Ritstj.
Guð's afneitan og Guðneitendur (þýtt)	Jón Einarson
Listin að lengja lífið	Steingrímur Matthíasson
Úr ýmsum áttum	Ritstj.
Vilhjálmur Þýrnunni	Robert Louis Stevenson

VIII. ÁR

1912

5 BLAÐ

# TIMBUR!

 Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglu timbri.  
 Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sna jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor!

**The Empire Sash & Door Co. Limited**

Henry Avenue, East

## BARNALÆRDÓMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

---

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum Íslenskum bóksölum.    ::    ::

---

**VERÐ: 35 cent**

# HEIMIR



VIII. árgangur

WINNIPEG, 1912.

5. blað.

## Henri Bergson.



Heimspekingar eru vanalega lítið skildir af almenningi. Þeir ala flestir aldur sinn á hátindi hugmyndanna, sem fæstir hafa tíma til að klifra upp á, enda er leiðin þangað upp oft og einatt ógreið. En þrátt fyrir það, þó heimspekingarnir séu svona langt fyrir ofan almenning og hans hugsunarhátt, verða hugmyndir þeirra með tímanum að almennings eign; sjaldnast þó í þeim myndum, sem þeir hafa sett þær fram í, heldur í öðrum myndum, sem eru aðgengilegri. Þegar þess er gætt að viðfangsefni heimspekinganna eru engin önnur en þeir hlutir, sem hver lifandi, starfandi og hugsandi maður er alstaðar umkringdur af, þá verður augljóst, að hugmyndir þeirra hljóta að hafa áhrif á almennan hugsunarhátt. Allir, sem nokkuð eru kunnugir sögu trúarbragðanna og hugsanalífs þjóðanna á liðnum tímum, vita að trú fjöldans og lífsskoðanir hafa þráfaldlega átt upptök sín í heimspekishugmyndum, sem hafa fæðst í heila manna, er voru mjög lítið skildir af samtíðarmönnum sínum. Allar fornar hugmyndir um uppruna heimsins og lífsins, allar sköpunarsögur, voru heimspeki í byrjun, og það tók efalaust langan tíma að gera þær að almennings eign. Kyrkjuféðurnir svo nefndu, sem mynduðu kenningar kristnu kyrkjunnar, voru undir áhrifum grískrar

heimspeki; hugsæisstefnan, sem breiddist út frá Þýzkalandi á fyrri hluta 19. aldarinnar hafði áhrif á trúarskoðanirnar, skáldskapinn og jafnvel réttarfarshugmyndirnar í Norðurálfunni. Þannig hefir heimspekin á öllum tímum mótað hugsunarlíf fjöldans og lífsskoðanir hans, og það jafnvel hversu fjarlæg sem hún hefir virzt vera mannlífínu í fyrstu.

Allir núlifandi heimspekingar, það er að segja þeir sem geta skoðast höfundar nýrra skoðana, byggja skoðanir sínar á vísindalegum grundvelli. Náttúrulegin, sem hinn sýnilegi heimtúr stjórnast af, eru á einhvern hátt undirstaða heimsskoðunarinnar hjá þeim. En á síðustu árum hefir önnur stefna rutt sér allmikil þil rúms, og hún er, að skoða tilveruna sem mest frá-sjónarmiði lífsins, bæði hins sálarlega og líkamlega, en minna frá hlið efnisins og náttúruleganna. Einn af heimspekingum þeim, sem leggja mesta áherzlu á þessa afstöðu í heimspekinni er frakkneski heimspekingurinn Henri Bergson. Hann er að dómi þeirra, sem hafa kynt sér rækilega bækur þær, er hann hefir ritað, einn hinn frumlegasti núlifandi heimspekingur, og hefir mjög mikið fylgi meðal yngri kynslóðarinnar á Frakklandi.

Henri Bergson hefir lengi verið kennari í heimspeki við Collégé de France í París. Þar hefir hann flutt skoðanir sínar fyrir fjölda ungra mentamanna. Auk þess hefir hann ritað margar bækur, og eru þær helztu um efni og minni, tíma og vilja og skapandi framþróun.

Heimspekingum er vanalega skift í flokka eftir því hvaða skoðun þeir hafa á tilverunni sem heild. Helztu tveir flokkarnir, sem síðan á tíð Forn-Grikkja hafa skarplegast verið aðgreindir, eru efnistrúarmenn (materialistar) og hugsæismenn (idealistar). Auk þessara flokka hafa nokkrir fleiri verið til, sérstaklega á síðari tímum, því báðar þessar aðalstefnur hafa sætt mótspyrnu frá mörgum, er hafa álitil þær ósamrýmanlegar við sannindi vísindanna. Bergson tilheyrir engum flokki, samkvæmt dómi þeirra sem eru vel kunnugir skoðunum hans. Það, og svo hitt, hversu djúpsettar og vel rökstuddar skoðanir hans eru, hefir vakil þil eftirtekt á honum og bókum hans.

Það sem mætti nefna grundvallarkenningu Bergson's er

kenning hans um líf. Hann segir að líf sé undirstaða allrar tilveru. Þessu allsherjar lífi líkir hann við straum, sem hefir upp-tök; lífið byrjaði einhvern tíma, það er ekki eilíft. Allsherjar lífið er sálarlegs eðlis og í því fólst meðvitund strax í upphafi. Alt frá upptökum sínum og fram á þennan tíma hefir lífið þróast og vaxið; það hefir verið í stöðugri framför. Framþróun er ekkert annað en hið mikla alheimsstarf lífskraftarins. En þessi framþróun lífsins er ekki hindrunarlaus. Það fellur stöðugt til baka í framrásinni, og um leið og það fellur til baka skapast efn-ið. Efnid er þar af leiðandi líf, sem er eins og að kulna út, eftir að hafa blossað upp; það er eins og vatnið í gosbrunninum, sem stöðugt fellur ofan í brunninn eftir að það hefir gosið upp. Í manningum er lífið á sérstöku stigi. Þar framleiðir það skynsemi, sem mætir afturstreyminu, eða efninu, og á í höggi við það. Reyndar verður allur lífsstraumurinn fyrir mótspyrnu frá þessu öfugstreymi, sem er kallað efní, en í mannlegri skynsemi verður það að vissu leyti yfirstigið með hugsuninni.

Allsherjar lífið, segir Bergson að verði aldrei skilið með ein-tómu viti. Vitið er að eins aukaframleiðsla í hinum mikla lífsstraumi. En vér höfum hugskoðun (intuition) jafnframt því sem vér höfum vit, og það er þessi hugskoðun sem fær gripið sannleika tilveruheildarinnar. Á lægri stigum lífsins, þar sem engin sjálfsmeðvitund á sér stað, er þessi hugskoðun eðlisávisun (instinct).

Bergson segir ekkert um tilgang og markmið allsherjarlífsins. Að eins að svo miklu leyti sem það brýzt úr fjötrum efnisins (sinnar eigin afturfarar) er afleiðingin sjálfræði og innri eining.

Þetta er útskýring eins spekinga nútímans á hinni dýpstu ráðgátu mannsandans. Hún er frumleg og stingur mjög í stúf við flestar þær eldri, sem hafa talið efnid eða andann undirrót alls. Hér er það lífskraftur, sem þó er ekki án meðvitundar og þess vegna ekki blint afl, sem er undirrótin.

Það er ekki líklegt að skoðun eins og þessi verði nokkurn tíma viðtekin af fjöldanum, en það er spá ýmsra, að hún eigi eftir að hafa mikil áhrif á lífsskoðanir og hugsunarhátt, eins og allar frumlegar heimspekisskoðanir hafa haft.

## Dultrúarstefnur nútímans

i

### sambandi við trúna.

Eftir séra GEORGE R. DODSON dr. phil.

(Fyrirlestur haldið fyrir General Conference í okt. 1911).

(Niðurl.) Það er ánægjulegt að geta horfið frá þessum nýju og gömlu afurðum sjúkra eftirvæntinga og ótamdra ímyndana, til hinna hærri og fullkomnari mynda dultrúarinnar, sem eru mjög eftirtektarverðar í öllu herra trúarlífi. Þó að meðferð vor á hinum betur þektu og meira virtu myndum dultrúarinnar, jafnt sem hinna nýrri, hafi máske verið nokkuð yfirgripsleg, þá hefir hún ekki verið samhygðarlaus, og er, að vöru álitu, rétt. Í lengra máli mætti gera vissar undantekningar í sumum tilfellum. Meira mætti segja, sem ekki hefir gleymst, en sem ómögulegt er að segja í grein, sem er um grundvallaratriði efnisins að eins. Samt mundi nákvæmari meðferð ekki breyta afstöðu vorri stórlega, og það er aðalatriðið, þegar á alt er litið.

Ýmsar myndir ákafrar guðhræðslu og trúarrósemi, sem hvað eftir annað koma í ljós í sögu trúarbragðanna, hafa mikla þýðingu og standa oss mjög nærri. Þær hefjast vanalega á tímabilum þegar mest áherzla er lögð á ytri trúarsiði og heimshyggja er almenn í trúmálum; þær eru afturhvarf til upptaka trúarlífsins. Í þeim er meiri áherzla lögð á hið innra sálarástand en ytri athafnir, á meðvitundina um samband við guð og fullvissu um hann. Þar sem þær byrja sem afturköst frá öfgum á eina hlið, hættir þeim við að verða öfgafullar á hina hliðina og andstæðar skynsamlegri og rannsakandi hugsun. Þannig hafa þær í för með sér hjátrúar endurvakningu, sem ljós skynseminnar eyðir. En hvötin, sem er á bak við þessar hreyfingar er heilbrigð og í vissum skilningi trúarlífinu eiginleg. Hin dýpsta þrá vors mannlega eðlis er eftir sambandi við guð. Sankti Ágúst-

fnus\* lét hana í ljósi í þessum alþektu orðum: "Þú hefir skapað oss fyrir sjálfan þig og hjórtu vor finna ekki hvíld fyr en þau hvílast í þér".

Francis frá Assisi,\*\* Lúther, Wesley og George Fox voru, hver á sinn hátt, dultrúarmenn, og ritverk eins og ræður Taulers,\*\*\* "Theologia Germanica",\*\*\*\* og "Í fótspor Kristis"\*\*\*\*\* eru spröttin af sömu stefnu og anda.

Þessi hvöt, eins og allar aðrar, hefir oft gengið í öfuga átt. Í stað þess að leita sambandsins við guð í háleitum hugsunum, göfugri nautn fegurðar og siðbætandi verkum, hafa dultrúarmennirnir stundum gert lítið úr þessu, sem er það fullkomnasta hjá oss mönnum, og leitað eftir sambandi við guð á þann hátt að láta persónuleika mannsins hverfa. Hugsjón þeirra hefir ekki verið samræmi mannsandans, á hans hæstu stigum, við hið guðdómlega, heldur meira í líkingu við samblöndun tveggja efna, og er þess vegna heimspekisleg fremur en siðferðisleg og samkvæm almennri hugsun. Vér erum vissulega ófullkomnir sem einstaklingar, en samt sem áður erum vér hin hæsta afleiðing, sem þekktist, hins skapandi kraftar, sem hefir verið starfandi í allra liðinna alda framþróun; og vort mikla starf, guðs málefni og mannsins, er, að koma vorri einstaklingsþroskun eins langt áleiðis og unt er. Ef vér eigum að leita guðs á þann hátt að losa oss við allt sem er mannlegt, þá er það rökrétt ályktun, að skelfiskurinn er hæfastur fyrir dultrúna. Því að efninu til er hann, í vissum skilningi, í einingu við guð, þar sem hann er einn hluti efnisins, sem allur hinn skapaði heimur er gerður úr, og á hans mjög lága þroskastigi er sálarróin alveg ósnortin af hugsunum þeim og mannlegum áhugaefnum, sem hinn heimspekislegi dultrúarmaður vill fórnfæra á altari tilbeiðslu sinnar

\* Einn af hinum svo nefndu kyrkjufæðrum: var uppi á síðari hluta fjórðu og fyrri hluta fimtu aldar.

\*\* Stofnandi betlimunkareglu á þrettánda öld.

\*\*\* Þýzkur dultrúarmaður.

\*\*\*\* Bók rituð á Þýzkalandi af ókunnnum höfund.

\*\*\*\*\* Bók eftir miðalda munk einn, Tómas frá Kempis að nafni.

Dultrú eins og þessi er skadleg, því, í stað þess að gefa hæstu áhugamálum mannsins nokkurn helgiblæ eyðileggur hún þau. Þeir sem fylgja henni njóta í hófleysi "eintómrar tilfinningar um hið guðdómlega", í stað þess að gera sér grein fyrir, að það er einmitt mannlegar hugsanir og kærleikur sem er heilagt. Eins og Edward Caird hefir vel að orði komist: "Það er ekki í þögn og andlegu aðgerðaleysi, heldur í hinu hæsta og fullkonnasta starfi, sem komist verður næst hinu guðdómlega". Frakkneski heimspekingurinn, Cousin, sagði þennan sannleik í fáum vel völdum orðum: "Hin sanna sameining sálarinnar við guð verður með tilhjálp dygðar og sannleika. Sameining af öllu öðru tagi er hugarburður, hætta og stundum glæpur. Manninum er ekki gefið í sjálfs vald að afsala sér, undir nokkru yfirskyni, því sem gerir hann að manni og færan um að skilja guð og að vera ófullkomin ímynd hans; það er, skynsemi, vilja og meðvitund".

Á móti þessari heimspekilegu dultrú, sem kendi mönnum að nálgast guð með því að líta smáum augum á náttúruna og skynsemina og fórnfæra öllu því, sem er sérstaklega mannlegt, verðum vér að setja þá siðferðislegu dultrú, sem finnur nærveru hins guðdómlega í öllu heilbrigðu mannlegu starfi, og sem er trú á sínu hæsta og bezta stigi. Þeir, sem þessa dultrú hafa, syngja ekki lengur "Ó, að vera ekkert, ekkert"; en andi hennar birtist í þessum fagra sálmi eftir Ellerton:

"Thine is the loom, the forge, the mart,  
The wealth of land and sea;  
The world of science and of art,  
Revealed and ruled by thee.

Work shall be prayer, if all be wrought  
As thou wouldst have it done;  
And prayer by thee inspired and thought,  
Itself with work be one".

Hér hverfur öll röng mótsetning. Hið guðdómlega er ekki



sérstök tilfinning guðhræddra sálna, einhver undrasælu umhugsun eða óvanalegt sálarástand, heldur alt vort upp á við leitandi líf. Það bezta í oss, hugsun vor og kærleikur, þrá vor til hins góða og tilraun að ná því — þetta er heilagt, eða ekkert er heilagt. Enginn ætti að gera of lítið úr vitsmunum, og skoða þá sem óviðkomandi og óvinveitt áhrif í þessu sambandi, heldur ættu þeir að vera skoðaðir sem einn hinn hæsti og nauðsynlegasti eiginleiki lífsins. Hin dýpsta þrá heilbriggt hugsandi manna og kvenna er ekki eftir fögnuði, sem er fyrir ofan almennan skilning, heldur eftir kröftugra, dýpra, auðugra og fyllra lífi; og hrein og ómenguð trúarmeðvitund er tilfinningin um, að þess konar líf sé heilagt og fagurt, sé í samræmi við hjarta alls veruleika. Hver trú, sem ekki telur það heilbrigða og göfuga í manneðlinu heilagt, hver trú, sem er óvinveitt vísindum og listum eða metur lítils siðferðislega og mannfélagslega umbótaviðleitni, og hver sú heimspeki, sem ekki finnur rúm fyrir bæn og lofgjörð, fyrir tilbeiðslu og þrá eftir hinu guðdómlega í hjartanu, getur aldrei fengið meira en fylgi nokkurra eða skamma viðtekningu. Það sem mest er um vert að ná, er ekki það, að fáeinir einkenuilega skapi farnir einstaklingar nái fullnaðarsælu (nirvana), eftir langa heimsafneitun. Fyrirmyndar trúmenn vorir eru ekki Austurlanda förumunkar, sem missa ráð og rænu af sálarþreytu, eða miðalda líkamsþjáendur, eða trúræknir Hindúar með starandi augum og óprotlega löngum hugleiðingum. Ekki eru þeir heldur ofsatrúarmenn, sem sjá guð að eins í sinni eigin meðvitund, en geta ekki séð hann einnig í hugsunum spekinga og leikum barna. Vorir helgu menn eru líkari því fólki, sem vér þekkjum, fólki, sem lifir, lærir, elskar, þolir, vonar, treystir og gerir skyldur sínar, og hlýðir þannig fyrri hluta áminningar Páls postula, sem er, að vér eigum að framkvæma sáluhjálp vora, og sem ekki gleymir síðari hlutanum af þeirri áminningu, að í öllu sem vér gerum, eigum vér að muna, að það er guð, sem í oss starfar, bæði í vilja og verki.

Þegar mennirnir byrjuðu að hugsa lá hula vanþekkingarinnar yfir öllu. Með aukinni þekkingu eykst meðvitundin um hið leyndardómsfulla, en af annari tegund. Villimaðurinn

kvaldist af vanmáttar og ótta tilfinningu, og tók upp ýms vand-ræða úrræði til að friða óþekt öfl. En sú sál, sem hefir komist upp á hæsta tind hugsunar, sem í ímyndun sér eina frumögn kvikasilfurs sem reglubundna heild, samanstandandi af 150 þús-undum smærri frumagna, hefir hærri og þýðingarmeiri meðvit-und um leyndardóm tilverunnar. Og svo mun það verða í framtíðinni.

“Veil after veil will lift,  
veil after veil will remain behind”.

Og því hærra sem komandi kynslóðir komast, því auðugra og einingarfyllra verður líf þeirra, því hreinni og gagngerðari hugsun þeirra, því dýpri meðvitund þeirra um sambandið við hið guðdómlega.

Á leið þeirra áfram fær gamli sálmurinn—“Hærra minn guð til þín!” nýja meiningu.



## Mótspyrna.

Það er hlutskifti flestra nýrra hreyfinga, sérstaklega trúar-bragðalegra hreyfinga, að mæta mótspyrnu fyrst í stað. Mótspyrnan fer eftir því, hversu umhugað þeir, sem eru hinum nýju hreyfingum, mótfallnir, láta sér um að verja það sem fyrir er á þeim tímum og stöðum er hreyfingarnar byrja. Nú á tímum er mótspyrnan gegn nýjum hreyfingum, víðast hvar, fólgin í mót-mælum og tilraunum til að fá þá, er hneigjast að þeim, til að yfirgefa þær. Ofsóknir í sama skilningi og trúarbragða ofsóknir fyrri alda, eru naumast þektar nú á tímum. Aðferðirnar til að bæla niður trúarvillur, og aðrar villur, eru orðnar miklu mann-úðlegri en þær voru fyrir nokkrum öldum, þó þær séu máske ekki ávalt drengilegri.

Mótspyrna gegn nýrri hreyfingu, sem miðar í þá átt, að draga hugi fólks frá þeim hugmyndum, sem það hefir aðhylst, er að minsta kosti skiljanleg. Það er ekki við að búast að allir séu fúsir að láta það viðgangast mótmælalaust, að það sem þeir og aðrir hafa skoðað sem óbyggjandi sannleika, sé dregið í efa. En það er einmitt það sem allar nýjar hreyfingar gera. Þær flytja eitthvað nýtt, sem raskar einhverjum gömlum og viðteknum hugmyndum. Allar hreyfingar, í þessum skilningi eru hreyfingar í hugum manna, og snerta hugmyndir og skoðanir. Þær hugmyndir og skoðanir sem við er hreyft, eru ávalt einhverjum nógu mikið áhugamál til þess, að þeir álíti skyldu sína að verja þær. Í allri nýbreytni, allri baráttu fyrir nýjum skoðunum, felst óbeinlínis árás á það eldra og viðtekna, þó að forvígismenn þess nýja reyni sem mest má verða að sneiða hjá því.

Þegar hin únítaríska hreyfing hófst meðal vor Íslendinga, var hún eðlilega skoðuð sem árás á eldri trúarskoðanir. Þeir sem henni fylgdu gátu ekki gert grein fyrir afstöðu sinni, nema um leið að gera árás á vissar kenningar, sem voru þá og eru enn í gildi í lútersku kyrkjunni. Þess konar árásir þurftu ekki að stafa af neinni tilhneigingu til að vera í mótstöðu við aðra. Þær voru blátt áfram óhjákvæmilegar, vegna þess að ný skoðun var komin, ný sannfæring fengin, sem í ýmsum aðalatriðum var mótsett hinn gömlu skoðun og sannfæringu. Maður, sem tekur upp nýtt áhald, til að vinna eitthvert verk með, leggur um leið niður gamalt áhald; áhaldaskiftin eru sú ljósasta játning, sem hann getur gert, um að hann álíti ekki gamla áhaldið hæfilegt lengur. Ef einhverjir eru sannfærðir um að gamla áhaldið sé það bezta, sem til er, þá hlýtur þeim að finnast fátt til um nýbreytnina, þeir hljóta að vera henni mótfallnir. Mótspyrna gegn únítarísku hreyfingunni var því alveg sjálfsögð. Og hún gerði vart við sig; hún mætti meðhaldsmönnum hinnar nýju stefnu alstaðar; hún varð jafnvel svo áköf að ofsóknir, nefnilega ósanngjarnar árásir á mennina sjálfa, fremur en málefni þeirra, munu ekki hafa verið óalgengar. Það er máské tilgangslaust að rifja upp endurminningarnar um óvináttuna, sem hin únítaríska stefna mætti fyrst framan af, hún var ekki óeðlileg, og sjálfsagt hvorki

verri né betri er átt hefir sér stað þegar flestar nýjar stefnur hata verið að ryðja sér til rúms.

En það væri máske ekki alveg þýðingarlaust fyrir oss únítara sjálfa, að spyrja að, hvaða gagn mótsaðan hafi gert oss, og hvort að minnkandi mótsaða hafi yfirleitt verið oss til góðs sem flokki, er berst fyrir ákveðnu málefni og stefnu.

Það er alþæktur sannleikur, að flestum mönnum eykst hugur við mótsþyrnu. Þegar mótsþyrnu er að mæta, virðist mönnum hætta vera á ferðum, sem ársðandi sé að verjast. Þar af leiðandi eykst þeim vilji og áráði til að verja sitt mál og sýna, hvar sem því verður við komið, að þeir vilji halda fram sinni sannfæringu. Mótsþyrnan er því oft mjög gagnleg fyrir hreyfingar og málefni, ef hún knýr fylgjendur þeirra, og hún gerir það oftast, til að leggja meira á sig og vera málefni sínu trúrri, en þeir mundu ella vera. Hættan, sem mótsþyrnunni er samfara, liggur í því, að hún verði þeim, sem hún er á móti, of sterk. En þar sem sú hætta reynist ekki óyfirstíganleg, er enginn vafi á, að nokkur mótsþyrna eykur áhuga manna fyrir málefnum sínum og gefur þeim gleggri tilfinningu um gildi þeirra.

Í mótsþyrnuleysi felst hætta, sem fylgjendur allra mála verða sífelt að vara sig á, annars getur hún grafið um sig og unnið tjón. Fjöldi fólks er þannig gerður, að hann er hirðulaus um öll málefni, nema þegar að utan að komandi áhrif hvetja til starfsemi fyrir þau. Steinn, sem liggur á brekkubrún, veltur ekki ofan, nema á hann sé ýtt, og þegar hann hefir oltið ofan brekkuna, liggur hann hreyfingarlaus, þar sem hann nemur staðar. Því er alveg eins farið með starfsemi margra í þarfir málefna sinna; hún hættir um leið og utan að komandi hvatir, til að halda henni áfram, hætta.

Úr þessari hættu verður að eins bætt með því að láta innri hvatir koma í stað þeirra ytri. Menn geta skapað í sálum sínum áhuga fyrir hverju málefni, sem þeir eru sannfærðir um að sé rétt málefni, ef þeir vilja. Þessi innri hvöt, þessi vilji til að vinna fyrir góð málefni er nauðsynlegur þegar til lengdar lætur, því mótsþyrnan gegn málefnunum hættir jafnan, þegar þau eru

búin að ná meiri eða minni fóttfestu; og þá um leið er ytri hvötin að mestu leyti horfin.

Ef vér Únítarar, vér, sem erum sannfærðir um sannleiksgildi málefnis vors, um aðra er náttúrulega ekki að ræða, höfum látið staðar numið vegna þess að mótspyrnan gegn oss hefir minkað, þá þurfum vér, umfram allt, að fá hina innri hvöt viljans. Vér megum ekki eina stund án hennar vera, vegna þess að hún er hið nauðsynlega afl, sem knýr oss til starfs í þarfir málefnis vors. Án þess erum vér eins og skip úti í hafi, sem rekur fyrir straumi og vindi og hefir engin ráð til að halda rétttri stefnu.

## Guð[s af]neitan og Guðneitendur.

Þýtt af JÓNI EINARSSYNI.

Í blaðinu New York Tribune Farmer, frá 2. nóv. f. á. stóð fyrirspurn til ritstjóra blaðsins, þess, er svarar spurningum um vísindaleg og algeng, fræðandi efni, — þannig hljóðandi:

“Getur þú skýrt orðin *atheism* (guðneitan = guðs afneitan) og *atheist* (guðneitari = guðs afneitari) betur en algengar orðabækur gera? Og geturðu þá einnig nafngreint nokkura guðneitendur, sem hafa unnið mannkyninu gagn eða vinna því gagn og andlegar umbætur í nútímanum; og getur þú, enn fremur, nafngreint nokkurn, sem skildi við heim þenna með ljóta lífssögu að baki?”

Vegna þess að mér skilst að ýmsir leggi nokkuð hranalega þýðingu í þessi orð, sem manngildislýsingar, hefir mér komið í hug að einhverjum kynni að þykja fróðlegt að sjá svarið upp á þessa fyrirspurn, og því tekið mér fyrir að þýða það á íslenzku. Getur verið að þeir lesendurnir, sem ekki hafa bundið fyrir andans augu sín, sjái nú, að þýðing þessara hugtaka er *tímabundin* frekar en lögbundin eða málfræðislega þýðingarföst frá upphafi.

Svarið er þannig:

“Orðið *atheism* er grískt (a = neitandi, theos = guð) og þýðir, bókstaflega: trúarregla (System) sem neitar tilveru guðs. Þekkingarleysi á guðshugmyndum vegna fáfræði er því ekki guðneitan (*atheism*) í þessum skilningi. Til þess að vera fullkomlega guðneitandi verður maðurinn að þekkja einhver guðstrúar ákvæði og neita þeim. Nafnið “*atheism*”, eins og það er vanalega brúkað hefir margbreytilegt þýðingarsvið, tiltölulega við marg-breytni guðshugmyndanna. Það er fljótséð, að “*atheism*” skoðað frá hlið kristinna fræða hefir gildi öldungis ólíkt því, er við gæti átt samkvæmt kenningum Deista (guðleysingja), Positivista (dýrtingista), Búddatrúenda, áhangenda Spinoza eða Herberts Spencers. Það liggur og í augum uppi, að þó einhver neiti sérstöku guðstrúar ákvæði einhvers flokks, þarf hann ekki að sjálfsögðu að neita tilveru guðsins sjálfs í annari mynd. En ráðríkir, óbilgjarnir menn líta þó jafnan svo á það, vegna þess, að þeir geta ekki þolað að neinn trúi á guð eftir öðrum reglum né hugmyndum en þeir sjálfir; og hver sem ekki fellir sig við þeirra ákvæði með öllu, er sekur um guðsafneitan. Í rauninni hefir ekkert nafn verið meira brúkað af trúflokkingum og einstaklingum þeirra en þetta, til að nafngreina með menn og flokka af frábrugðnum skoðunum, jafnvel þegar skoðanamunur hefir verið einkar lítill. *Sókrates* var sakaður um guðleysi vegna þess hann trúði á guð, sem væri meiri en *Júptíter*. *Spinoza* var dæmdur guðlaus vegna þess hann hélt því fram að guðeðlið, guðveldið væri í mannum og hvervetna í alheimnum. Heimspekingar 18. aldarinnar voru guðlausir taldir, af því þeir réðust á gamla hjátrú og hindurvitni. Já jafnvel kristnir menn voru álitnir guðlausir at Pagönum (falsgyðismönnum).

Nafn þetta, *apeism*, má við hafa hverja heimspekisreglu viðtekt (*Philosophic Doktrine*), sem álitur hugmyndina um persónulegan guð, skapara eða alveldi, tilbúning og skaldskap að eins. Í *strang-vísindalegri og alvarlegri merkingu* verður þó nafn þetta haft að eins um þær hugsjónir sem engan guð geta fundið, í né yfir hlutfestri (*physical*) tilveru.

Guðneitanin lýsir sér aðallega á þrennan hátt: sem

dogmatisk (kreddufest), deigtrúuð (skeptical) og dómrýnin (critical).

*Kreddufest guðsafneitan* þvertækur fyrir að til sé nokkur guð samkvæmur skilningi nútímans, eins og t. a. m. Feuerbach, sem segir: "Enginn guð er til; það er eins skýrt og sólin og eins sýnilegt og dagurinn að enginn guð er til, og jafnvel enn sjáanlegra að enginn guð *getur* verið til".

*Deigtrúnaðar guðsafneitan* heldur því fram, að hin takmarkaða hugsjón mannsins sé ekki þess um komin að geta náð vissu fyrir því hvort guð sé til eður eigi, hún er samkvæm skoðun skammvissenda (Agnostics), sem engan dóm vilja leggja á hvort guð sé til eður eigi (t. d. Herbert Spencer).

*Dómrýna guðsafneitanin* heldur því fram, að sannanir þær sem færðar séu fyrir tilveru guðs sé ónógar, óábyggilegar (t. d. G. J. Romanes). Eins og John Foster og síðan Dr. Chalmers hafa sýnt fram á, er dogmatiska guðsafneitanin áþreifanleg fjarstæða. Þeir segja, að til þess að nokkur hafi rétt til að segja að ekkert það sé til, sem bendi á tilveru guðs, verði hann að rannsaka gjörvallan alheiminn; því að ástæða, sem kynni að sannfæra jafnvel sjálfan hann, gæti ef til vill dulist einhverstaðar. Að sanna hið gagnstæða (þ: guðstilveruna) er óneitanlega erfitt, en til að geta sannað þetta (neikvæðið) hlyti maður að vera alvitur og alstaðar nálægur.

Hafa nokkrir guðneitendur (ápeistar) unnið þjóðunum gagn með góðverkum sínum? Já, vissulega, og þeir margir, ef trúa má því, er hinn frægi ápeisti Sylvan Maréchal segir um það efni. Í guðneitenda orðbók sinni ("Dictionary of Atheists") nafngreindir hann alla heimspekinga, alla nafnfræga menn allra landa á öllum tímum, frá Hómer til Voltaires og Napóleons, og skilgreinir úr ritum hvers þeirra setningar, sem sýna að þeir hafa unnið sér nafnið með réttu. Meðal ápeista þessara má lesa nöfnin: Socrates, Tertulianus, St. Augustine, Pascal og nöfn fjölmargra annara stórmenna, sem ekki að eins *neitðu eigi* guðstilverunni, heldur trúðu á persónugjörvan guð, og þó sérstaklega á guð samkvæman þeim, er kristin fræði hafa viðtekið. Spinoza, sem var brennimerktur sem guðs afneitandi, vegna þess

að hann trúði á “guð í gjörvallri náttúrunni”, og seinni tíða menn eins og t. a. m. Hobbes, Von Holbach, Huxley, Bradlaugh, Haeckel, — þótt ekki séu fleiri nafngreindir, — hafa verið, ekki að eins fyrirmyndar siðprýðismenn, heldur hafa unnið mannkyninu gagn með því að auka þekkingu þess á ýmsan hátt. Búdda, “ljós Asíu”, tignaður af nálega tveimur milljónum manna, sem frelsari þeirra; hann, sem elskaði ekki að eins manninn heldur einnig hinar smærri lífsverur svo, að hann flúði frá vald-erfðum, elskaðri eiginkonu og öllum hinum dýrðlegu lífspægindum sem faðir hans hafði veitt honum, og varð einn meðal þurfa-manna; hann, sem álitinn er að hafa gengið næst Kristi sjálfum að guðlegri kenningu; þessi hinn mesti, eðallyndasti, siðhrein-asti, nálega guðlíkasti maður, sem í heiminn hefir verið fæddur, var dæmdur — guðsafneitari, aþeist!

Út úr þessu má ekki draga það, að “aþeisminn” sé trú né heimspekilegar bollaleggingar, sem leiði menn til þekkingar og dygða. Það sýnir að eins að réttðæmishugmyndirnar eru ekki bundnar við hugsjónir trúbragðanna, en geta jafnvel verið eign aþeistanna; að maðurinn er oft betri en trúin hans og að vér ættum ekki að meta neinn eftir trú hans heldur verkunum. Það eru til og hafa verið eðallyndir aþeistar; og það eru til sjálfs-elskufullir og uppgerðar-trúaðir kyrkjumenn. En Aþeisminn í sjálfum sér, er bæði hugsunarvillla og hættulegur. Í sambandi við siðfræðina er skiljanlega mikið betra að guðstrúin sé viðtek-in. Það miðar til góðs fyrir alla, að til sé guðvera, sem hegni fyrir alt það mannlegt ranglæti, sem lögráð þjóðanna ekki ná út yfir. Voltaire sjálfur sagði, að frá hagræðishlið íhugað, væri *naudsýnlegt að búa til guð, ef sannað yrði að hann væri enginn til*. Sé annars efni þetta rannsakað til rótar, kemur það fljótt í ljós, að þeir, sem gjarnast neita tilveru guðs (eftir venjulegum viðtektum, eru ávalt að finna upp eitthvað í guðs stað, hver eftir sínu hugsjóna-eðli, á meðan þeir eru að berjast gegn því, er þeir nefna hngsjónarskekku annara og misskilið nafn.

En þrátt fyrir alla gallana, er guðsneitanin miklu hættu-minni fyrir þjóðfélögin en *hjátrúin*, með öllum hennar heiftar-ofsa (fanaticism). Bacon sagði: “Hjátrúin er hættulegri mann-



inum en guðneitanin. Guðneitaninni fylgir þó að minsta kosti margskonar stuðningur og vegleiðsla eins og t. a. m. heimspek- in, viðkvæmar hugsjóna stefnur, innblásnar af manneðlinu, lög þjóðanna mannast og vegsemd, og eðlislöngun til að ávinna sér gott mannorð, — alt, sem nauðsynlegt er til þess, að gera mann- inn að minsta kosti yfirborðs-dygðugan. Hjátrúin, þar á móti, gereyðir öllum þessum stuðningsheillum og skilur eftir grugg og sora í manssálinni. Fyrir hjátrúarinnar sök hafa mörg trúar- stríð háð verið, og milljónir manna hafa verið brytjaðar niður saklausar í nafni einhverra sérstakra guðsvera. En ekki einum blóðdropa hefir verið úthelt af guðneitendum til stuðnings þeirra einlægu en öfugu skoðunum”.

ATHUGASEMD: — Þýðingarnar á einstöku útlendum orð- um í undanfarandi grein virðast ekki vera sem allra nákvæmast- ar. Það er t. d. rangt að þýða orðið “deist” með guðleysingi. Deistar hafa þeir menn verið nefndir, sem trúá á persónulegan guð utan við heiminn, en sem aldrei opinberast í heiminum. Því síður er rétt að nefna positívista dýrlingista á Íslenzku. Positiv- ism er sú heimspekisstefna, að menn geti ekkert um tilveruna vítað nema það sem náttúruvísindin kenni; allar hugmyndir um hið óþekta séu á engu bygðar. Hún á ekkert skylt við átrúnað á helga menn, dýrlinga. Pagan er auðvítað sama og heiðingi; hvort það er að vera falsgyðistrúarmaður fer eftir því hvernig menn líta á trúarbrögðin yfirleitt.

Þessi smávægilega athugasemd er að eins gerð, vegna þess, að skeð gæti að Íslenzku orðin yllu misskilningi.

RITSTJ.



## Listin að lengja lífið.

Eftirfarandi grein er meiri hlutinn af eftirmála við fyrirlestur, sem Steingrímur læknir Matthíasson hélt nýlega á Akureyri og sem hefir birst í tveimur síðustu heftum "Skírnis". Fyrirlesturinn er ráðleggingar til fólks á Íslandi viðvíkjandi varðveislu heilsunnar. Þó þær ráðleggingar séu sniðnar eftir staðháttum þar, geta þær að miklu leyti átt alstaðar við. Allir sem tók hafa á, ættu að lesa fyrirlesturinn. Í eftirmálanum talar höfundurinn um nytsemi heilsufræðinnar, og með því að taka upp þann kafla vildi Heimir í fyrsta lagi benda lesendum sínum á allan fyrirlesturinn, og í öðru lagi, á þá miklu nauðsyn fyrir ungt fólk, sérstaklega í bæjum, að temja sér líkamsþróttir og herða líkamann, svo hann verði sóttkveikjunum síður að bráð.

"Heilsugóðir vilja allir vera, en þá er að fylgja heilræðunum. Óttinn við sjúkdóma og þjáningar ætti að herða á mönnum til þess, því sá ótti er mikill hjá flestum, slagar að líkindum hátt upp í þann ótta, sem margir hafa fyrir eilífum kvölum í öðru lífi. Sú tillaga sem færi fram á að losa mannkynið við alla sjúkdóma, mundi vera ein af þeim fáu tillögum, sem mannkynið í heild sinni mundi koma sér saman um að samþykkja, því þó að einhverjir læknar yrðu henni mótfallnir, þá mættu þeir ekki við margnum og mundu missa alla aðsókn fyrir gikksháttinn.

"Allir eigum vér að deyja, þrátt fyrir lækna og læknislyf. Ef heilsan bilar einu sinni alvarlega, er efasamt að hún fáist aftur. En enginn veit hvað átt hefir fyr en mjóst hefir og lífið verður ekki aftur tekið, eða eins og Akilles kemst að orði hjá Hómer: "Uxum og feitum sauðum má ræna, þrífótum og styggum jörpum hestum má ná, en önd mannsins næst ekki aftur né fæst, þegar hún eitt sinn er liðin burt úr líkamanum". . . . .

. . . . "Því meira sem maður sér af sjúkdómum og horfir upp á af mannlegum þjáningum, því betur lærist manni að hægt hefði

verið á ýmsan hátt að koma í veg fyrir mikið af þessari eynd, ef ráð hefði verið í tíma tekið. En vissulega má mikið því um kenna, að grundvallaratriði heilsufræðinnar eru ekki enn þá orðin almenningi kunn. Heilsufræðin er enn þá ung vísindagrein og kenningar hennar hafa svo lítið verið fluttar út meðal fólksins. Heilsufræði þarf að prédika fyrir öllum frá unga aldri, engu síður en kristin fræði, því í rauninni er undarlegt að hugsa til þess, að sí og æ er verið að prédika fyrir fólki um eilífa sælu í öðru lífi, sem vér þekkjum lítið eða ekkert til, en á það er sjaldan minnst, hver ráð séu til að koma í veg fyrir sjúkdóma og þjáningar í þessu lífi, sem þó allir þekkjja, að er harla gott, meðan heilsan er góð. Og þó eru lækarnir bráðum að verða jafn margir og prestarnir. En það er satt, lækarnir eru að eins sendir til sjúkra "sauða í Ísrael" — nema í Kína. Þar er húslækninum borgað fyrir þann tíma sem enginn veikist á heimilinu, en ekkert fyrir þann tíma sem sjúkdómar ganga. Lækninum er með öðrum orðum borgað fyrir það eitt, að koma í veg fyrir veikindi, og honum um kent ef það mishepnast. Þetta er nú reyndar byggt á hjátrú hjá Kínverjum, því lækarnir þar kunna ekki annað en bölbænir og aðrar hundakúnstir til að særa burtu illa anda, en í framtíðinni, "er burtu þokan líður, er blindar þessi dauðleg augu vor", verða lækarnir færir um að forða mönnum frá alls konar illvættum — nota bene — ef fólkið vill. Ef viljann vantar, duga engar prédikanir, og menn "fjóta sofandi að feigðarósi", hlaðnir alls konar kvillum og kaunum líkt og Job.

"Það er því miður enn þá rótgróin trú hjá alþýðu manna víðast hvar, að sjúkdómarnir séu óhjákvæmilegt böll, sem allir verði meira og minna að þola. En þessi hjátrú upprættist með vaxandi þekkingu. — Áður fyr trúðu menn því, að sjúkdómar væru refsíðomar guðs eða hirtingarvendir syndugra manna. Nú er sú trú farið að dofna og menn farnir að sjá að sjúklingar eru ekki yfirleitt "syndugri en aðrir menn í Galileu", þó þeir verði veikindunum að bráð.

"Trúin á að t. d. slæmar farsóttir séu refsíðomar drottins eins og plágurnar á Egyptalandi, hefir haldist fram á vora daga, og lýsir sér enn þá á Rússlandi þar sem kóleran er að geysa. En

“Ótti drottins er upphaf vizkunnar”, segir prédikarinn. Óttinn fyrir þessum refsidómum hefir haft það gott í för með sér, að hann hefir komið mönnum til að upphugsa mærgt til að koma í veg fyrir og afstýra plágunum með skynsamlegu viti, því reynslan hefir ætíð sýnt, að “guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur”. Hræðslan við plágurnar og sjúkdómana yfirleitt hefir sem hirtingarvöndur komið mönnum til að sjá að sér og temja sér margs konar varúðarreglur gegn sjúkdómunum. Og þannig er heilsufræðin til orðin.

Heilsufræðinni fer stöðugt fram og með stórum skrefum á seinni árum. Þess vegna eru margir fleiri en ég svo bjartsýnir, að trúa því, að í framtíðinni muni mega koma í veg fyrir fjöldamarga sjúkdóma, sem okkur núna virðast illviðráðanlegir.

— Fyrir nokkrum árum fóru fram heitstrengingar meðal ungra manna hér á Akureyri. Gamansamur náungi steig þá á stökk og strengdi þess heit, að *lifa í hundrad ár eða liggja dauður ella*. — Vér skulum alls ekki fortaka, að einhvern tíma í framtíðinni muni ungir menn geta í alvöru stigið á stökk og strengt heit eitthvað svipað þessu, án þess að slá marga varnagla við, og verða þó ekki að athlátri. —

Þeir tímar munu sjálfsagt koma, að farið verður að prédika heilsufræði með jafn miklum dugnaði og kristin fræði hafa verið flutt öllum þjóðum, og þá fer ekki hjá því, að hjá mönnum vakni jafn mikill, ef ekki meiri, áhugi á að lifa heilsusamlega til að öðlast góða heilsu hérna megin og nokkurn tíma hefir vaknað fyrir prédikanir prestanna á að lifa í eilífri sælu hinum megin.

“Hvergi í sögunni lesum vér um þjóð, sem lagt hefir jafn mikið kapp á að styrkja og stæla líkama æskumannsins, eða með öðrum orðum á líkamsmenntun, og Forngríkkir. Á vorum dögum komast Englendingar þeim næst. Gríkkir og Rómverjar höfðu að einkunnarorðum: “Mens sana in corpore sano” (hraust sál í hraustum líkama). Og það varð reynsla þeirra, að með því að æfa líkamann sem mest í allri fíni og alls konar raunum, þroskaðist sálin jafnframt eins og af sjálfu sér. Við vitum líka nú, að þroski heilans er bundinn við þroska vöðvanna og allra líkamsparta, því hverjum einstökum líkamshluta samsvarar viss

líftill hluti heilans og er hver öðrum nátengdur. Raunin var ólýgnust hjá þessum gullaldarþjóðum, og sama má segja um okkar frægu forfeður, því með líkamsmentuninni fylgdi fetum andleg mentun, sem ekki á sinn líka fram á vora daga. Með líkamsmentuninni keptu Grikkir að því að verða *katoi kágapoi* (sem eiginlega þýðir frískir og hraustir, en samsvarar í rauninni því, sem forfeður vorir kölluðu að vera "vel at sér görr"), en það var í þeirra augum vegurinn til að verða *isopeoi* (guðum líkir).

Hómer lýsir dauða Hektors með þessum fögru orðum: "Þá sveif yfir hann algjör dauði, en sálin fór til Hadesarheims, harnandi forlög sín, er hún þurfti að skilja við þroskann og æskuna"\*). — Þessi orð lýsa vel hinni næmu tilfinningu og smekk Forngríkkja fyrir fögrum og vel þroskuðum líkama. Líkaminn var að þeirra áliti veglegt musteri, sem sálin kunni vel við sig í og var leið á að þurfa að skilja við. Páll postuli sagði líka: Þér eruð musteri heilags anda, sem í yður býr.

Bæði Hómer og Páll hafa komist þar meistaralega að orði. Og hvort sem vér trúum því, að sálin fari til Hadesarheims eða til himnarfkis, þá er ekki nema alveg sjálfsagt, að vér eigum að stuðla að því af fremsta megni, að líkaminn geti verið svo veglegt musteri, að sálin uni þar hag sínum hið bezta og sjái sárt eftir að skilja við hann.

*Steingrímur Matthíasson.*

\* Dýðing Sv. Egiðssonar á Ilionskviðu XXII, bls. 258. Með sömu orðum fylgir Hómer Patroklos yfir í annan heim.



## Úr ýmsum áttum.

Verkfallið mikla, sem staðið hefir yfir á Englandi, er ætlað á að hafi kostað ensku þjóðina um 50 miljónir dollara á viku. Þrjár til fjórar miljónir manna urðu vinnulausar; tjölda-mörgum vesksmiðjum varð að loka vegna kolaleysis, og flutningur á járnbrautum tafað mjög. Þetta verkfall er það langstærsta, sem sögu fara af. Allar tilraunir til að koma sáttum á reyndust lengi vel árangurslausar, en að lokum sættu kolanemarnir sig við, að láta nefndir, sem settar yrðu í hverju héraði, ákveða hvað kaupgjald skyldi vera lægst í námunum. Verkfallið á Englandi leiddi til þess að kolanemar í ýmsum öðrum löndum hækkuðu kröfur sínar viðvíkjandi kaupi og vinnutíma, en alvarlegar afleiðingar hefir það ekki haft í för með sér.

Fremur virðist vera róstudamt í hinu nýja kínverska lýðveldi; smá uppbot eru þar daglegir viðburðir. Mælt er að sum þeirra stafi af því að nýja stjórnin hafi ekki getað borgað hermönnum, sem tóku þátt í uppreistinni, kaup sitt. Stjórninni hefir gengið fremur erfiðlega að fá lán, meðfram vegna þess að vestrænu þjóðirnar sjá ofsjónum yfir öllu valdi, sem hver hinna nær í Asíu. En kínverska stjórnin ætlar sér að koma þjóðinni tölu framfarabjóðanna, sem efalaust tekur langan tíma.

Rússland hefir lengi viljað færa út kvíarnar, og allar hreyfingar þess skjóta einhverri nágrannaþjóðinni skelk í bringu. Nú nýlega hafa Tyrkir haft ástæðu til að óttast, en þeir eru í kröggum staddir, vegna ófriðarins við Íalsu. Orsökina til þess að Rússar hafa ögrað Tyrkjum kvað vera sú, að Tyrkir hafa orðið of afskiftasamir í Persíu, en þar vilja Rússar hafa bæði tögl og hagldir.

Í Bandaríkjunum eiga forsetakosningar að fara fram á næsta hausti. Útnefning forsetaefnanna af hálfu stjórnmalaflokkanna

fer fram innan skamms. Í repúblikana flokknum lítur út fyrir að hörð barátta verði á milli Tafts forseta og fyrverandi forseta Roosevelts um útnefninguna. Allstór flokkur harðsnúinna stjórnmálagarpa fylgir Roosevelt, sem hefir sagt að hann myndi gefa kost á sér til að vera forseti þriðja tímabilið, ef hann verði útnefndur. Mótstöðumenn hans segja að hann bæði brjóti venju, sem alt af hafi gilt, og gangi á bak sinna eigin orða með því að gefa kost á sér í þriðja sinn. Fylgjendur Tafts þykjast vissir um að hann nái útnefningu og verði endurkosinn.

---

## Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

---

### MARGRÉT PRESTDÓTTIR.

“Gott og vel”, hugsaði Vilhjálmur með sjálfum sér. “Það lítur út fyrir að ég hafi haft á réttu að standa”. Og hann hafði mjög ánægjulega heimsókn, fór heim aftur í ágætu skapi, og hugsaði ekkert meira um ástamálin.

Í nærri því þrjú ár héldu þau Vilhjálmur og Margrét uppi þessum kunningsskap, þau sáu hvort annað einu sinni eða tvisvar í viku, án þess að minnast nokkuð frekar á það sem á undan var gengið; og allan þann tíma var Vilhjálmur eins ánægður og nokkur maður getur verið. Hann neitaði sér stundum um ánægjuna að sjá hana, og gekk oft hálf leið yfir á prestssetrið og svo heim aftur, eins og til að auka þrá sína eftir að sjá hana. Á einum stað var skörp bugða á veginum, og þaðan sást kyrkju-turninn eins og skorðaður á milli tveggja skógi vaxinna hlíða, og á bak við sást þríhyrndur blettur af sléttunni. Þar kundi hann vel við að sitja og hugsa áður en hann sneri heim; og

bændurnir fundu hann svo oft þar í rökkrunu, að þeir nefndu bugðuna eftir honum.

En að þessum þremur árum liðnum lék Margrét illa á hann: hún giftist alt í einu öðrum. Vilhjálmur bar sig mjög karlmannlega, sagði að eins, að eftir því sem hann þekkti kvenfólk bezt, hefði hann farið hyggilega að ráði sínu, að giftast henni ekki fyrir þremur árum. Hún auðsjáanlega vissi ekki hvað hún vildi, og, þrátt fyrir það þó hún hefði stillilega framkomu, væri hún eins óstöðug og svikul og hinar. Hann sagðist hafa ástæðu til að vera ánægður yfir því að hafa sloppið, og að hér eftir mundi hann hafa meira álit á hyggindum sínum. En inni fyrir þótti honum slæmt að svona hafði farið og var töluvert stúrin í nokkrar vikur; vinnupiltar hans undruðust yfir því, að hann varð magrari en hann átti vanda til.

Eitthvað ári eftir að Margrét gifti sig, vaknaði Vilhjálmur seint um nótt eina við hófaskelli á veginum og að hart var barið á gistihússdyrnar. Hann opnaði gluggann og sá dreng á hestbaki, sem hafði annan hest í taumi. Drengurinn bað hann að koma með sér og flýta sér; Margrét lægi fyrir dauðanum og hefði sent sig eftir honum. Vilhjálmur var lélegur reiðmaður og sóttist leiðin svo illa að veslings konan var að fram komin, þegar hann kom. En þau töluðu saman fáar mínútur svo engir heyrðu, og hann var við og grét beisklega þegar hún dó.

### DAUÐINN.

Ár eftir ár leið, með uppbotum og gauragangi í borgunum niðri á sléttunni; uppreistir brutust út og voru bældar niður með blóðsúthellingum, orustur voru háðar hér og þar; þolinmóðir stjörnufræðingar sátu í turnum sínum, fundu og nefndu nýjar stjórnur; leikir voru sýndir í uppljómuðum leikhúsum og sjúkt fólk var borið í sjúkrahúsin — alt þetta vanalega strit og æsing mannlífsins í stórum borgum. Uppi í dalnum hans Vilhjálmur var ekkert nema veðurbreytingarnar til að skifta tímanum; fiskarnir héldu sér kyrrum í straumnum og fuglarnir svifu uppi yfir, það heyrðist þytur í toppum furutrjána í stjörnubirtunni, og yfir öllu stóðu háu hæðirnar. Vilhjálmur gekk rólegur um,



stundaði gistihúsið sitt, þar til hár hans var orðið hvítt. Hann var enn þá ungur og þrekmikill í anda; og þegar æðaslátturinn var ekki of ör, var hann sterkur og stöðugur. Hann var rjóður í vöngum, bakið dálítið bogið, en fótatakið stöðugt; og æðaberu hendurnar voru réttar fram vingjarnlega til allra manna. Andlit hans hafði hrukkur, sem koma af því að vera mikið úti undir beru lofti, og sem í raun rétttri er ekki annað en stöðugur sól-bruni; þess konar hrukkur gera heimskuleg andlit enn þá heimskulegri, en á fólki eins og Vilhjálmur, sem hefir djarflegt augnaráð og bros um varir, fara þær vel og bera vott um rólegt og óbrotið líf. Tal hans var fult af kjarnyrðum. Hann umgekst aðra gjarnan og aðrir umgengust hann. Það var stundum glatt í laufskálanum hjá Vilhjálmi á kvöldin, þegar dalurinn var fullur af ferðamönnum; og mentaðir menn frá skólum og borgum dáðust að skoðunum hans, sem nágrönnunum þóttu sérvizkulegar. Hann lifði í mjög heiðarlegri elli og varð betur og betur þektur með hverjum degi; orðstýr hans barst til borganna niðri á sléttunni og ungir menn, sem höfðu ferðast á sumrin upp um dalinn, töluðu saman á kaffihúsunum um Vilhjálmi í mylnunni og hina einföldu heimspeki hans. Honum var margoft boðið að heimsækja fólk utan dalsins, en var ófáanlegur til að fara nokkuð út úr honum. Hann var vanur að hrista höfuðið sbyggilega yfir tóbakspípunni sinni. "Þú kemur of seint", sagði hann. "Ég er dauður maður núna, ég er búinn að lifa og deyja. Fyrir fimtíu árum hefði hjartað í mér hoppað af fögnuði, en nú hefi ég enga tilhneigingu. En þetta er tilgangur langra lífdaga, að maður hætti að kæra sig um lífið". Eða hann sagði: "Það er að eins í einu sem langt líf er ólíkt góðri máltíð: nefnilega, að í máltíðinni kemur það bezta seinast". Eða þá þetta: "Þegar ég var drengur, var ég í vafa um og vissi varla, hvort það var ég sjálfur eða heimurinn, sem var þess verður að vera skoðaður. Nú veit ég að það var ég sjálfur og held mér við það".

Það sáust aldrei nein veikleika einkenni á honum, hann var hraustur og heilsugóður fram á síðustu stundu; en hann varð óræðnari undir það síðasta; og hlustaði tímunum saman á aðra með vingjarnlegri eftirtekt. En þegar hann talaði voru orðin

fá og viðeigandi og þrungin af reynslu liðinna ára. Hann drakk með ánægju eina flösku af víni; sérstaklega um sólsetursbil uppi á hæðarbrúninni, eða seint um kvöld undir stjörnunum í laufskálanum. Það jók á ánægju hans að sjá eitthvað heillandi en fjarlægt; og hann sagðist hafa lifað nógu lengi til að dást þá mest að kertaljósi, er hann bæri það saman við stjörnu.

Eina nótt, þegar hann var sjötíu og tveggja ára, vaknaði hann í rúmi sínu með óróleika og kvíða; hann klæddi sig og fór út í laufskálann til að sitja þar hugsandi. Það var dimt og hvergi sást stjarna; áin var í vexti og rakur skógurinn og engið fyltu loftið með ilm. Það hafði verið þrumuveður um daginn og leit út fyrir sama næsta dag. Nóttin var dimm og loftið kæfandi þungt fyrir sjötíu og tveggja ára gamlan mann. Hvort sem það var veðrinu að kenna eða svefnleysinu, eða snert af hitasótt, þá sóttu gamlar endurminningar ákaflega á Villhjálmi. Bernska hans, nóttin sem hann átti tal við unga manninn feita, dauði fósturforeldra hans, sumarkvöldin með Margréti, og mörg þessi smáatvik, sem í annara augum virðast smávægileg, en sem samt sem áður eru það helzta í lífi hvers manns í hans eigin augum—séð atvik, heyrð orð og misskilin augnatillit—alt þetta þrengdi sér nú fram í huga hans og krafðist eftirtektar. Frh.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFD:

G. Árnason, ritstjóri

S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður  
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 385 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

## FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-  
samninga, lánun peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til  
vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

**WILLIAM GRASSIE**

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. Box 645

---

ROYAL CROWN SÁPA

er bezta sápan

**Royal Crown ókeypis verðlaun**

er hin beztu verðlaun

Notið sápana. Geymið umbúðirnar. Náið í verðlaunin

Sendið nú þegar eftir fullkomnum verðlaunalista.

Hann verður sendur yður að kostnaðarlausu

Bíðið ekki. Byrjið nú að spara.

**THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.**

VERDLAUNAEILD

WINNIPEG, - - CANADA

Nýttiskulegasti og endingarbeztir  
skófatnaður í Canada

Drjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótrar útsendingar  
okkar Winnip. Rugeymsluhúsi

**Ames Holden McCready Limited**

